

Janúar 2021

RÝMINGARÁÆTLUN

Stofnanir Grindavíkurbæjar

Table of Contents

Bókasafn Grindavíkur	2
Bæjarskrifstofur - Víkurbraut 62	5
Dagdvöl - Víðihlíð	9
Grindavíkurhöfn	12
Grunnskóli Grindavíkur	16
Heimilið Túngata 15 og 17	18
Kvikan	21
Leikskólinn Krókur	23
Leikskólinn Laut	28
Vinnuskóli	33
Þjónustumiðstöðvar Grindavíkur	35
Þruman	50
Íþróttamiðstöð	52

Janúar 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Bókasafn Grindavíkur

Andrea Ævarsdóttir
forstöðumaður

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-


Starfsmenn á vakt:

1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.
2. Ef boð berast **áður** en skóladegi lýkur er fyrsta verk að senda nemendur í sínar bekkjardeildir og biðja almenna notendur safnsins að fara heim eða í móttökustöð.
3. Ef boð berast **eftir** að skóladegi lýkur, er almenningur beðinn um að fara heim eða í móttökustöð, en ef börn undir 12 ára eru á safninu eru gerðar ráðstafanir til að þau komist í hendur foreldra, forráðamanna eða viðbragðsaðila.
4. Starfsmenn á vakt loka gluggum, læsa útidyrum sunnan megin og ganga úr skugga um að bókasafnið sé tóm.
5. Dyr inn í skóla skulu hafðar ólæstar.
6. Starfsmenn yfirgefa safnið. Forstöðumaður eða staðgengill forstöðmanns er síðastur úr húsi.

Tákn sem fylgja teikningum á húsinu.



Útgangar



Febrúar 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Bæjarskrifstofur – Víkurbraut 62

Atli Geir Júlíusson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Verkefni ef til rýmingar kemur vegna náttúruhamfara

- 1. SMS berst frá 112 um rýmingu**
- 2. Séu gestir á skrifstofu þá eru þeir beðnir um að yfirgefa húsnæðið strax.**
- 3. Starfsmenn sem eiga börn á skólaaldir fara fyrst út úr húsnæði.**
- 4. Aðrir starfsmenn gæta þess í sameiningu að allir gluggar séu lokaðir og að rafmagnstæki séu tekin úr sambandi.**
- 5. Síðasti maður út læsir á eftir sér og athugar hvort önnur rými í húsnæðinu séu yfirgefin. Bæjarstjóri eða staðgengill hans er síðastur úr húsi.**
- 6. Söfnunarstöð er í íþróttahúsinu. Þeir sem eiga ekki bíl eða þurfa aðstoð á einn eða annan hátt úr bænum fara þangað.**

Aðstoð og upplýsingar

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan - 112

Þörf á upplýsingum: Hjálparsími Rauða Krossins: 1717

RÝMINGARPLAN



ELDUR

- Ýtið á næsta brunaboða
- Hringið í 112
- Tilkynnið um eldinn til nærstaddra
- Ef reikur er í flóttaleið þá veijið næstu flóttaleið
- Ekki fara inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið

KYNNTU ÞÉR

- Útgönguleiðis hússins
- Staðsetningu brunaboða
- Staðsetningu og notkun slökkvitækja og neyðarbrúnaði

SKÝRINGAR:

- Þú ert hér
- ➡ BO Björgunarop
- UT ➡ Merktur útgangur
- 25 m Brunastanga

RÝMINGARPLAN



ELDUR


- Ýtö á næsta brunaboða
- Hringið í 112
- Tilkynnið um eldinn til nærstaddra
- Ef reitur er í flóttaleið þá veijið næstu flóttaleið
- Ekki fara inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið

KYNNTU ÞÉR

- Útgönguleiðis hússins
- Staðsetningu brunaboða
- Staðsetningu og notkun slökkvitækja og neyðarbrúnaði

SKÝRINGAR:

- Þú ert hér
- Björgunarop
- Merktur útgangur
- 25 m
- Brunaslanga



September 2020

**RÝMINGARÁÆTLUN
FYRIR DAGDVÖL OG
ÍBÚA AUSTUVEGS 5**

Austurvegur 5

Stefanía Jónsdóttir

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-

Starfsmenn á vakt:

1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.
2. Starfsmaður 1 verður í dagdvölinni með skjólstæðingum
3. Starfsmaður 2 (ef er til staðar, fer og aðstoðar þá sem hafa farið inn í sína íbúð innanhúss).
4. Einn starfsmaður sér um þá skjólstæðinga sem eru í rýminu og öryggi þeirra.
5. Taka nauðsynlega hluti með (lyfjarúllur, púst, nefúða, hjálpartæki)
6. Allir skjólstæðingar ásamt starfsfólki bíða í sal dagdvalar eftir að bíll sækir alla ásamt starfsmanni.
7. Þeir íbúar sem búa á Austurvegi 5 en eru ekki í dagdvöl fylgja líka áætlun, þeir íbúar sem hafa látið vita af sinni áætlun fara á eigin bíl en hinir koma í salinn og eru með skjólstæðingum.
8. Starfsmaður sem fylgir íbúum í bíl er síðastur út úr húsi.

Tákn sem fylgja teikningum á húsinu.



Salur dagvalar



Útgangur

Febrúar 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Grindavíkurhöfn

Atli Geir Júlíusson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Verkefni ef til rýmingar kemur vegna náttúruhamfara

- 1. SMS berst frá 112 um rýmingu**
- 2. Séu gestir á skrifstofu þá eru þeir beðnir um að yfirgefa húsnæðið strax.**
- 3. Starfsmenn sem eiga börn á skólaaldir fara fyrst út úr húsnæði.**
- 4. Aðrir starfsmenn gæta þess í sameiningu að allir gluggar séu lokaðir og að rafmagnstæki séu tekin úr sambandi.**
- 5. Síðasti maður út læsir á eftir sér og athugar hvort önnur rými í húsnæðinu séu yfirgefin. Bæjarstjóri eða staðgengill hans er síðastur úr húsi.**
- 6. Söfnunarstöð er í íþróttahúsinu. Þeir sem eiga ekki bíl eða þurfa aðstoð á einn eða annan hátt úr bænum fara þangað.**

Aðstoð og upplýsingar

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan - 112

Þörf á upplýsingum: Hjálparsími Rauða Krossins: 1717

RÝMINGARPLAN



ELDUR

- Ýtið á næsta brunaboða
- Hringið í 112
- Tilkynnið um eldinn til nærstaddra
- Ef reikur er í flóttaleið þá veijið næstu flóttaleið
- Ekki fara inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið

KYNNTU ÞÉR

- Útgönguleiðis hússins
- Staðsetningu brunaboða
- Staðsetningu og notkun slökkvitækja og neyðarþúnaði

SKÝRINGAR:

- Þú ert hér
- ➡ BO Björgunarop
- UT ➡ Merktur útgangur
- 25 m Brunastanga

RÝMINGARPLAN



ELDUR


- Ýtö á næsta brunaboða
- Hringið í 112
- Tilkynnið um eldinn til nærstaddra
- Ef reitur er í flóttaleið þá veijið næstu flóttaleið
- Ekki fara inn í húsið fyrr en leyfi hefur verið gefið

KYNNTU ÞÉR

- Útgönguleiðis hússins
- Staðsetningu brunaboða
- Staðsetningu og notkun slökkvitækja og neyðarbrúnaði

SKÝRINGAR:

- Þú ert hér
- ➔ BO Björgunarop
- UT ➔ Merktur útgangur
- 25 m Brunaslanga



Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörðun um hættuástand.

Upplýsingar eru á: <https://www.facebook.com/almannavarnir/> og www.almannavarnir.is

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin þá verða foreldrar að sækja börnin í skólann.

Hlutverk skólastjórnenda:

Koma upplýsingum út í allar stofur skv. upplýsingum frá Almannavörnum.

Starfsmaður er settur við alla útganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út. (Ásabraut – Þrumuinngangur, norðurdyr, suðurdyr, aðalinngangur, inngangur hjá húsverði, salurinn, eldhús, myndmennt, smíði) (Hópsskóli – aðalinngangur í norður og suður, Skólasel, kaffistofa, austurendi, eldhús, tæknirými, tónmennt, dyr á hverri kennslustofu).

Stjórnendur eru í samskiptum við lögreglu og Almannavarnir.

Skólastjórnendur fylgjast með rýmingarferlinu og aðstoða eftir föngum bæði foreldra og starfsfólks.

Skólastjórnendur taka við nemendum þegar þeir verða komnir í safnstofur og aðrir starfsmenn geta farið heim.

Skólastjóri/deildastjóri yngsta stigs fer síðastur úr húsi og gengur úr skugga um að allir séu farnir út, gluggar og hurðir lokaðar, útidyr læstar. Að lokum eru upplýsingar veittar til lögreglu og Almannavarna um rýmingu skólahúsnæðis.

Hlutverk starfsfólks:

Stjórnendur upplýsa kennara/starfsfólk um hvað er í gangi sbr. upplýsingar frá Almannavörnum.

Starfsmaður er settur við alla útganga skólans til að varna því að nemendur hlaupi út. (Ásabraut – Þrumuinngangur, norðurdyr, suðurdyr, aðalinngangur, inngangur hjá húsverði, salurinn, eldhús, myndmennt, smíði) (Hópsskóli – aðalinngangur í norður og suður, Skólasel, kaffistofa, austurendi, eldhús, tæknirými, tónmennt, dyr á hverri kennslustofu).

Kennari þarf að taka manntal m.v. nafnalista sem hangir í stofunni. Íþróttakennarar, list- og verkgreinakennarar í valgreinum eru líka með nafnalista.

Kennarar senda til foreldra í hvaða hópum nemendur eru í sundi og íþróttum þannig að foreldrar viti hvar barnið er staðsett.

Kennari bíður með nemendum inni í stofu þar til foreldri eða staðgengill sækir nemanda. Nemendur fá ekki að fara út úr húsi einir.

Kennari merkir við á nafnalista þegar búið er að sækja nemanda. Nemendur eru ekki látnir í hendur annarra en eru á aðstandendalista í Mentor eða staðgengla foreldra sem þeir hafa gefið upp fyrirfram til umsjónarkennara.

Gæta þarf þess að enginn nemandi fari út úr kennslustofu. Ef nemandi þarf að fara á salerni þá fær hann fylgd.

Þegar kennari yfirgefur stofuna síðastur þarf að loka gluggum og loka hurðum (ekki læsa).

Þegar búið er sækja flesta nemendur verður þeim sem eftir verða safnað í eina stofu undir stjórn stjórnanda. Kennari afhendir nafna- og aðstandendalista. Yngsta stig safnast í Vigdísarstofu (1.stofa t.h. frá bílastæði). Mið- og elsta stig safnast í stofu 114 (miðgangur n.h.). Nemendur í íþróttahúsi og sundi safnast saman í íþróttasal. Þegar búið er að skila þeim sem eftir verða í safnstofuna þá getur viðkomandi kennari/starfsmaður farið heim. Skólastjórnandi, forstöðumaður Skólasels eða húsvörður sjá um vaktina í safnstofunni.

Ef nemandi er í íþróttum eða sundi þá þarf íþróttakennari að halda nemendum inni í íþróttahúsinu þar til þeir eru sóttir í íþróttahúsið. Íþróttakennarar verða að halda skrá yfir nemendur og hver sækir þá. Aðrir kennarar s.s. sérkennarar, list- og verkgreinakennarar, raungreinakennari og þeir sem kenna ekki í heimastofum nemenda þurfa að koma nemendum í sínar heimastofur. Nemendur sem staddir eru í tónlistarskóla, bókasafni og þrumu verður farið með í heimastofur. Nemendur í útistofum og Verinu verða sóttir þangað af foreldrum.

Ef nemendur eru í Skólaseli þá verður þeim safnað í saman í Skólaselsstofunni og Selatöngum (verkm.stofa) og sóttir þangað af foreldrum. Deildastjóri yngsta stigs sér um lokafrágang.

Annað starfsfólk hjálpar til á þeim stað sem það er að vinna á, ef til rýmingar kemur.

Foreldrar:

Foreldrar/staðgenglar þurfa að sækja börnin í sínar heimastofur. Ef nemendur eru staddir í íþróttahúsinu þá þarf að sækja þá þangað.

Ekkert barn verður sent út án fylgdar foreldris/staðgengils.

Starfsmaður verður í skólanum þar til búið er að sækja alla nemendur eða koma þeim í öruggt skjól í samvinnu við lögreglu eða björgunarsveit.

Foreldrar verða að gera ráð fyrir miklu umferðarálagi í Grindavík og þá sérstaklega við skólann komi til rýmingar á skólatíma. Benda má foreldrum á að jafnvel verður fljótlega að koma fótgangandi.

Lögreglan mun leitast við að vera með umferðarstýringu við skóla og leikskóla komi til rýmingar

Rýmingráætlunin hefur verið yfirfarin af lögreglu, samþykkt af starfsmönnum Grunnskólans 6.feb.2020 og kynnt í fræðsluráði 6.feb. 2020.

Janúar 2020

RÝMINGARÁÆTLUN
FYRIR HEIMILIÐ
TÚNGÖTU 15-17

Heimilið Túngata 15-17

Hlín Sigurþórsdóttir
forstöðuþroskaþjálfari

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-

Starfsmenn á vakt:

1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.
2. Gulur starfsmaður verður áfram.
3. Bleikur starfsmaður má víkja.
4. Auka starfsmaður mætir á svæðið (er til taks þegar sms berst – fyrirfram ákveðinn starfsmaður hverju sinni).
5. Tveir starfsmenn sjá um þjónustunotendur og öryggi þeirra.
6. Taka nauðsynlega hluti með (lyfjarúllur, púst, nefúða, hjálpartæki) – fatnað ef tími gefst.
7. Allir þjónustunotendur ásamt starfsfólki bíða í sameign eftir að bíll sækir alla fjóra ásamt starfsmanni.
8. Þeir tveir íbúar sem búa á Túngötunni en eru ekki í þjónustu fylgja líka áætlun, en fara á eigin bíl.
9. Starfsmaður sem fylgir íbúum í bíl er síðastur út úr húsi.

Tákn sem fylgja teikningum á húsinu.



Sameign



Útgangur



Grunnmynd 1:100

Október 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Kvikan Menningarhús, Grindavík

Sunna J. Sigurðardóttir
Verkefnastjóri framtíðarþróunar

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-

Starfsmenn á vakt:

- 1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.**
- 2. Ef boð berast skal láta gesti hússins vita og benda þeim á að fara heim eða í móttökustöð.**
- 3. Ef börn eru í húsinu skulu gerðar ráðstafanir til að þau komist í hendur foreldra, forráðamanna eða viðbragðsaðila. Ef börn eru á vegum skóla eða leikskóla skal kennari taka ábyrgð á að farið sé að viðbragðsáætlun viðkomandi skóla og börnum fylgt til skóla eða á móttökustöð.**
- 4. Starfsmenn á vakt loka gluggum, læsa útidyrum og ganga úr skugga um að menningarhúsið sé tóm.**
- 5. Starfsmenn yfirgefa húsið.**

Útgangar:

Aðalútgangur, neyðarútgangur úr forsal í átt að höfninni, neyðarútgangur innst á efri hæð. Jafnframt eru dyr út úr hitakompu og bílskúrshurð í sýningarsal.

ÁÆTLUN VIÐ ÓVISSUSTIG

EFTIR AÐ ÓVISSUSTIGI ER LÝST YFIR:

1. Mikilvægt að starfsfólk haldi ró fylgist með líða barnanna og leyfa þeim að tjá sig með t.d. teikningum á meðan á óvissustigi stendur
2. Skólahald heldur áfram með venjubundnum hætti jafnt úti sem inni
3. Velja skal útinámsferðir í lengst 30 mínútna göngufæri frá skólanum og halda strax í skólann ef boð berast um rýmingu
4. Starfsfólk er beðið um að hafa sína eigin síma meðferðis í útinám með stillta þannig að það heyrir í sms
5. Stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla boðaðir á fund – viðbragðsáætlanir yfirfarnar og ráðgjöf um framhaldið
6. Forvarnarteymi skólans fundar - fer yfir viðbragðsáætlun
7. Viðbragðsáætlun virkjuð innan skólans
8. Deildarstjórar útbúa plöstuð skráningarblöð fyrir börn með 3 dálkum, nafn, skráning, hver sækir. Byrjað að nota og strokað út eftir hvern dag
9. Upplýsingar til starfsfólks - hlutverk þeirra og skipulag rýmingar
10. Upplýsingar til foreldra - hlutverk þeirra og skipulag rýmingar
 - Fá upplýsingar frá foreldrum – grunnupplýsingar, ráðstafanir, hvetja til yfirvegunar
11. Búa ekki til hræðsluástand sem við erum í langan tíma að vinna úr eftir á

Markmiðið er að hafa gott skipulag sem veitir öryggi, skapar traust og yfirvegun


Rýmingaráætlun

HLUTVERK STARFSFÓLKS

EFTIR AÐ BOÐ UM RÝMINGU BERST:

1. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri taka stjórnina
2. Eldhússtarfsfólk aðstoðar, fer yfir húsið ef tími gefst til og lokar gluggum
3. Börn og starfsfólk inn á deildar – mikilvægt að halda börnunum inni á sinni deild þangað til þau eru sótt
4. Setja upp afþreyingu fyrir börnin, skipta þeim í minni hópa, fylgjast vel með líðan og skapa ró
5. Skráningarblöð barna sótt
6. Einn kennari (í hópi 3) á hverri deild gerður ábyrgur fyrir skráningum barna út „dyravörður“ og fer hann síðastur af kennurunum af deildinni
7. Ef foreldrar eiga börn á fleiri en einni deild skal sækja öll börnin í einni ferð og fara út að sunnanverðu
8. Virkja rýmingu fyrir starfsfólk – sjá skipulag
9. Starfsmannahópur **1** yfirgefur skólann þegar öll börn eru komin inn á deild og komin í ró
10. Passa upp á að allar deildir séu með lágmarks mönnun, dreifa fólki
11. Starfsmannahópur **2** fer eftir að búið er að sækja helminginn af börnunum
12. Stjórnendur passa upp á að allar deildir séu með lágmarks mönnun, dreifa fólki
13. **Fjólulundur** – foreldrar inn og út úr fataklefanum norðan megin
14. **Bláaberg, Grænahlíð, Rauðasel og Gulanes** – foreldrar koma inn norðan megin og út sunnan megin sjá rýmingarskipulag
15. Foreldrar þurfa ekki úr skóm
16. Starfsmannahópur **3** fer jafn óðum og það fækkar í barnahópnum, deildarstjóri eða staðgengill hans stjórnar
17. Kennarar láta stjórnendur vita þegar síðasta barn er sótt á deildina og aðstoða eða fara út
18. Stjórnendur/staðgenglar (hópur **4**) fara síðastir út, fylgja börnum í íþróttamiðstöðina sem ekki hafa verið sótt og taka upplýsingablað barnanna með
19. Merkja að rýming sé búin – Vantar upplýsingar um hvernig

RÝMINGU BARNA HLUTVERK FORELDRA



„UMFERÐ“ INN OG ÚT ÚR SKÓLANUM:

- **FJÓLULUNDUR:** foreldrar fara inn um útidyrhurð á fataklefa og sækja börnin inn á deild og aftur út um sömu hurð. Sjá fjólubláar örvar
- **GULANES, BLÁABERG, GRÆNAHLÍÐ, BLÁABERG:** ganga inn í fataklefa viðkomandi deildar, sækja börnin inn á sinni deild og fara út um svaladyr deildarinnar og út um hlið að bílastæði
- **ATH - ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ FARA ÚR SKÓM**

RÝMING STARFSFÓLKS – SKIPULAG

AÐGERÐIR	GULANES	BLÁABERG	GRÆNAHLÍÐ	RAUÐASEL	FJÓLULUNDUR	ANNAÐ	SÉRKENNSLA	ELDHÚS	STJÓRNENDUR
1 Þeir sem eiga börn í leikskóla eða hjá dagforeldrum fara að sækja sín börn og yfirgefa skólann samkvæmt rýmingaráætlun									
2 Þeir sem eiga börn í grunnskóla fara næstir úr húsi þegar búið er að sækja um helming af börnunum									
3 Þeir sem ekki eiga börn á leik- eða grunnskólaaldri fara úr húsi þegar flest börn eru farin									
4 Stjórnendur fara síðastir úr húsi eð þegar björgunarsveitin/lögregla hefur tekið yfir stjórnina. Þeir fara með börn sem ekki eru sótt í íþróttamiðstöðina									

STJÓRNENDATEYMI

Skipulagið gæti breyst því það á eftir að skoða aðstæður fólks. Mikilvægt er að starfsfók geri áætlanir með sinni fjölskyldu um hver á að bera ábyrgð á öðrum fjölskyldumeðlimum eins og t.d. börnum á grunnskólaaldri (HÓPUR 3) til að við lendum ekki í því að missa of marga út úr húsi. Það þarf að vera a.m.k. einn starfsmaður eftir á hverri deild þangað til öll börnin hafa verið sótt og tilkynna stjórnendum um þegar þeir eru komnir. Þá er þessu deildarinnar er lokið.

Viðbrögð barna við áföllum eru mismunandi og tekur Guðrún Alda fram að þau hugsa öðruvísi en fullorðnir, þannig geta þau upplifað áfall á annan hátt en hinir eldri. Það segir hún koma vel heim og saman við reynslu sína frá Flateyri, en þar hafði eitt barnanna sagt við foreldra sína að þegar björgunarsveitarmennirnir væru farnir yrði allt gott aftur. Þessi upplifun væri gjörólík upplifun hinna fullorðnu. Viðbrögðin voru, að sögn Guðrúnar Öldu, þegar að var gáð skiljanleg, mörg hundruð einkennisklæddir björgunarsveitarmenn á ferð, oftast margir saman í hóp, í litlu þorpi vöktu ótta. Brugðist var við með því að fá einn þeirra í "fullum herklæðum" í heimsókn á leikskólann til að ræða við börnin og við það breyttist viðhorfið.

Mikilvægt er að börn sem orðið hafa fyrir áfalli fái hjálp fullorðinna við að tjá hugsanir sínar og tilfinningar. Guðrún Alda segir að fullorðnir vanmeti oft skynjun barna á umhverfi sitt og ætli þeim minna en þau geta.

Viðtal í Mbl við Guðrúnu Öldu Harðardóttur leikskólakennara, viðtalið er um meistararitgerð hennar Áfallahjálp í leikskóla, 1998.

Viðbragðsáætlun vegna bráðarýmingar

Leikskólinn Laut



Gleði • Hlýja • Virðing

janúar 2020



- **Körfur með talstöðvum, endurskinsjakka, ítarlegum nemendalista er staðsett inn á skrifstofu ofaná skáp sem geymir hjartastuðtækið.**

- **Skipting starfsmannahópsins:**
 - **Hópur 1. Starfsmenn sem eiga börn á leikskólaaldri - fara strax úr húsi þegar sms berst**
 - **Hópur 2 . starfsmenn sem eiga börn á grunnskólaaldri, þegar ástand leyfir**
 - **Fara starfsmenn úr húsi með börn á yngsta stigi**
 - **Fara starfsmenn úr húsi með börn á miðstigi**
 - **Fara starfsmenn úr húsi með börn á elstastigi**
 - **Hópur 3. Starfsmenn sem eiga börn eldri börn en 16 ára eða enginn börn**
 - **Eru í leikskólanum þangað til að stjórnandi gefur þeim leyfi til að yfirgefa leikskólann**
 - **Leikskólastjóri / staðgengill hans er síðastur úr húsi og ber ábyrgð á þeim börnum sem ekki eru sótt og fer með þau í Íþróttahúsið og fylgir þeim á fyrirfram ákveðna fjöldahjálparstöð.**

1. Skipting á starfsfólki miðað við að starfsmenn í hópi 2 og 3 séu enn í húsi

- Þeir starfsmenn sem eru út á bílplani eru tengdir öllum heimastofum.
- Starfsmaður á bílplani segir þá í talstöð : Eyri – Gunna , Eyri – Gunna - Eyri bregst þá við og fer með Gunnu út á bílplanið og kemur barninu í hendur foreldra, starfsmaður fer síðan strax inn í fataherbergi aftur
- Starfsmenn á bílplani vísa starfsmönnum á heimastofum á þá bíla sem börnin eiga fara í.
- Starfsmenn á plani eru með tvo bíla hverju sinni þ.e.a.s. láta ekki sækja fleiri börn fyrr en börnin eru komin í fyrstu tvo bílana.
- Skipting þessi miðast við að allir starfsmenn séu í húsi og við tímamörkin fram að hádegi. Jafna þarf út starfsmenn hverju sinni eftir mönnun í húsi, leikskólastjóri / staðgengill sér um það

	Hlíð	Hagi	Eyri	Múli
Fataherbergi – merkir viðverulista	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður
Fataherbergi	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður
fataherbergi	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður
Fataherbergi	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður
Bílalplan / talstöð	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður	Einn starfsmaður



Farið var yfir þessa rýmingaráætlun með starfsfólki Lautar á starfsmannafundi þriðjudaginn 4.febr. 2020

Grindavík 5.febr. 2020

Fríða Egilsdóttir
Leikskólastjóri
Leikskólinn Laut

Lóa B.H. Björnsdóttir
aðstoðarleikskólastjóri
Leikskólinn Laut

Október 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Vinnuskóli Grindavíkur

Eggert Sólberg Jónsson
sviðsstjóri frístunda- og menningarsviðs

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-

Starfsmenn á vakt:

- 1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.**
- 2. Flokkstjóri skal láta nemendur vita að bráðarýming stendur yfir.**
- 3. Nemendur skulu án tafar fara heim til sín eða á móttökustöð.**
- 4. Flokkstjóri lætur yfirflokkstjóra vita að boðum hefur verið komið til allra nemenda þegar allir nemendur hafa yfirgefið verkstað.**
- 5. Flokkstjórar yfirgefa verkstað.**
- 6. Yfirflokkstjóri yfirgefur verkstað þegar allir flokkstjórar hafa yfirgefið sinn verkstað.**

Febrúar 2020

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Viðbragðsáætlun

**Viðbragðsáætlun
Þjónustumiðstöðvar**

Höfundur: Sigurður Rúnar Karlsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Staðhættir	5
3	Skilgreiningar.....	6
3.1	ÓVISSUSTIG.....	6
3.2	Afboðun	7
4	Boðun	7
5	Stjórnkerfi	7
8	Verkefni Viðbragðsaðila	9
8.1	Brunaboðun:	9
8.2	Slys:.....	9
8.3	Náttúruvá:	10
8.4	Rýming/Neyðarrýming:	11
9	Skipulag Boðanna	12
10	Mót/yfirlitsmynd	13
12	Breytinga saga.....	14
13	Viðaukar	15

1 INNGANGUR

Tilgangur viðbragðsáætlunar er að tryggja góð og rétt viðbrögð komi til hætta á vinnustað eða í umhverfi. Viðbragðsáætlun þjónustumiðstöðvar er áætlun fyrir starfsmenn og stjórnendur þjónustumiðstöðvar. Er hún notuð sem leiðarvísir af þeim hlutverkum sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar eiga að sinna.

Er hún unnin í samráðið við Almannavarnanefnd Grindavíkur, og hluti af henni er í stærri áætlun almannavarnanefndar.

Yfirmaður þjónustumiðstöðvar ber ábyrgð á þessari áætlun.

Lög um Almannavarnir

15. gr. Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns.

Brunavarnir mannvirkja.

23. gr. Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.

Grindavík
5. febrúar 2020

2 STAÐHÆTTIR

Staðsetning þjónustumiðstöðvar:

Þjónustumiðstöð er staðsett á Hafnargötu 24 Grindavík. Húsnæðið er steinsteypt iðnaðarhús sem skiptist í tvær álmur, austurálma sem hýsir stærri tæki og aðstöðu til viðgerða. Vesturálma er bílasalur, skrifstofur, kaffistofu og starfsmanna aðstöðu. Sunnan við húsið er geymslu port. Inngangar eru norðanmegin og flóttaleiðir einnig sunnan megin út í port.

Vesturálma 331,3m²

Austurálma 223,1m²

Samtals er húsnæðið 554,4m²

Starfsemi:

Þjónustumiðstöð sér um og rekur eftir taldar deildir/verkefni.

Starfssvæði þjónustumiðstöðvar er allt sveitarfélagði.

- Akstur ferðaþjónustu Grindavíkur.
- Viðhald og rekstur fasteigna Grindavíkurbæjar.
- Viðhald og rekstur Vatns- (*kalt vatn*) og fráveitu Grindavíkurbæjar.
- Viðhald og rekstur allra gatna og götugagna.
- Viðhald og rekstur opinna svæða, leikvalla og göngustíga.
- Snjómokstur og hálfuvarnir.
- Verkefna stjórn vinnuskóla yfir sumarmánuðina maí-ágúst.

3 SKILGREININGAR

Brunaviðvörunarkerfi

Þjónustumiðstöð Hafnargata 24 er vöktuð með brunakerfi. Kafli segir til um viðbragð um starfsmanna.

Slys

Kafli segir til um ef slys verða á starfstöð þjónustumiðstöðvar eða á vinnu starfssvæði hennar.

Náttúruvá

Kafli segir til um ef náttúruvá verða.

Rýmin/Neyðarrýmin Sveitarfélagsins

Kafli segir til um hlutverk starfsmanna þjónustumiðstöðvar ef kæmi til rýming á sveitarfélaginu.

3.1 ÓVISSUSTIG

Skilgreining:

Óvissustig er virkjað af Almannavörunum Ríkisins.

Þegar óvissustig lýst yfir er metið hvaða óvissa og hvaða hættu er, mat það er metið með Almannavarnarnefnd Grindavíkur.

Hlutverk þjónustumiðstöðvar er tryggja viðbragð í náttúruvá og rýmingu samkvæmt áætlun.

Við óvissustig er rýmingarleiðir út úr hverfum opnaðar og þær settar í vetrarþjónustu. Þjónustumiðstöð ber ábyrgð á því verkefni.

Varabifreiðar hafðar tiltækar og á númerum.

3.6 HÆTTUSTIG

Skilgreining:

Hættustig er virkjað af almannavörunum ríkisins.

Þegar hættustigi lýst yfir er metið hvaða hættu er og er það mat metið með Almannavarnarnefnd Grindavíkur og Almannavörum Ríkisins.

Hlutverk þjónustumiðstöðvar er tryggja viðbragð og rýmingar samkvæmt áætlun.

Þjónustumiðstöð yfirferð rýmingarleiðir og tryggir aðgengi að þeim.

Bifreiðar ferðaþjónustu eru hafðar tiltækar öllum stundum.

3.2.3 NEYÐARSTIG

Skilgreining:

Neyðarstig er virkjað af Almannavörunum Ríkisins.

Þegar neyðarstigi lýst yfir er metið hvaða hættu er og er það mat metið með Almannavarnarnefnd Grindavíkur og Almannavörum Ríkisins.

Hlutverk þjónustumiðstöðvar er tryggja viðbragð í náttúruvá og rýmingu samkvæmt áætlun.

Starfsmenn fylgja viðbragðsáætlun og fyrirmælum Almannavörnum Ríkisins og Vettvangsstjórn.

3.2 Afboðun

Almannavarnir Ríkisins getur afboðað við óvissustigi, hættustigi og neyðarstigi.

4 BOÐUN

Hver boðar, hverja, hvenær?

Brunaboðun: Brunakerfi þjónustumiðstöðvar boðar vegna elds eða reyks, er stjórnstöð Öryggismiðstöðvar sem boðar.

Slys: Næsti starfsmaður.

Náttúruvá: Yfirmaður þjónustumiðstöðvar, Almannavarnanefnd Grindavíkur og eða Almannavarnir Ríkisins.

Rýmin/Neyðarrýmin: Almannavarnir Ríkisins.

Er viðbragðsáætlun virkuð þegar boð koma frá þessum aðilum.

Öryggismiðstöðinni.

Almannavarnarnefnd Grindavíkur.

Almannavörnum Ríkisins.

Sveitarstjórn.

5 STJÓRNKERFI

Stjórnun þjónustumiðstöðvar:

Yfirmaður og ber ábyrgð á daglegu starfi þjónustumiðstöðvar gagnvart sveitarstjórn. Þjónustumiðstöð er undir umhverfis og skipulagssvið.

Starfsfólk þjónustumiðstöðvar:

Í þjónustumiðstöð starfa 8 starfsmenn sem skipta svona í þessi stöðugildi:

- 100% Yfirmaður þjónustumiðstöðvar og Umsjónamaður fasteigna.
- 100% Umsjónamaður opinna og græna svæða.
- 200% Bílstjórar ferðaþjónustubifreiða.
- 100% Iðnaðarmaður sé um viðhald búnaðar og tækja.
- 100% Vélamaður.
- 100% Starfsmaður.
- 50% Starfsmaður.

- Við stærri atburð má reikna með að tveir starfsmenn sem eru í örðum björgunareiningum verðir ekki til taks.

Búnaður:

Stærri búnaður sem þjónustumiðstöð hefur til umráða.

- Smárútur og hópferðabíla:
 - Bens Sprinter 2018 (1+10) + tveir hjólastólar.
 - VW Crafter 2016 (1+9) + tveir hjólastólar.
 - Bens Sprinter 2008 (1+8) manna. (Getur tekið tvo hjólastóla en þá er það til frádráttar)
 - Er þetta varabíll.
 - Ford Transit árgerð 2008 Hópbíll (1+5) + einn hjólastóll
 - Er þetta varabíll/bíll vinnuskóla.
 - **Samtals flutningsgeta 37 manns án bílstjóra.**
- Bobcat skotbómulyftari með göflum eða efnisskóflu.
- 2x Kúbóta smátraktorar með snjótönn.
- Holder traktor með saltara eða götusóp.
- Flokkabifreiðar:
 - Ford Transit árgerð 2005 pallbíll (1+3) burðageta 880kg
 - Renault árgerð 2008 pallbíll (1+3) burðageta 1460kg
 - Bens Sprinter árgerð 2014 pallbíll (1+3) burðageta 840kg
- Vinnubílar:
 - VW Caddy (1+1) árgerð 2013
 - VW Caddy (1+1) árgerð 2013
 - VW Caddy (1+1) árgerð 2015

Vinnuverndarfulltrúi:

Starfsmaður er kjörinn vinnuverndarfulltrúi af samstafsmönnum. Hann hefur yfirumsjón með endurskoðun og uppfærslu á viðbragðsáætlun í upphafi hvers árs.

Ábyrgð er í höndum yfirmanns.

Baldur Pálsson er vinnuverndarfulltrúi.

Upplýsingaflæði:

Upplýsingum er miðlað með tölvupósti og á vinnufundum.

8 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA**8.1 Brunaboðun:****Starfsmaður í húsi:**

1. Brunabjalla ferð í gang þá fer næsti starfsmaður að brunastöð og kannar hvaðan boð koma. Hann þarf að svara í síman við brunnastöðina þegar vaktstöð Öryggismiðstöðvar hringir.
2. Staðfestir hvort eldur eða reytur sé í húsinu, ef ekki þá er brunastöð endursett.
3. Sé eldur er hringt í 112 og húsið rýmt.
4. Starfsfólk safnast saman á mót. Sjá kafla 10.

Húsið mannlaust:

1. Brunabjalla ferð í gang.
2. Öryggismiðstöð hringir í tengiliða lista sem hún hefur til umráða, sá aðili mun kanna aðstæður eins og ferill hér að ofan segir.
3. Utan vinnutíma hringir vaktstöð í 112 og slökkvilið.
 - a. Slökkviliðið mun kanna aðstæður.
4. Staðfestur hvort eldur eða reytur sé, ef ekki þá er brunastöð endursett.
5. Sé eldur er hringt í 112 og húsið rýmt.

8.2 Slys:**Slys á starfstöð eða á vettvangi.**

- ☐ Sá sem fyrstur kemur að slysi, sér um þann slasaða og kallar eftir aðstoð.
 - a. Hefur samband við 112 ef ástanið er alvarlegt.
 - b. Biður um aðstoð næsta starfsmann sé þess kostur.
 - i. Gefur 112 upplýsingar um þann slasaða.
 - ii. Gefur upp hvað ástand sjúklings.
 - iii. Hvar viðkomandi er staddur.
- ☐ Yfirgefið ekki sjúkling, aðstoða maður/menn taka móti sjúkrabíl.
- ☐ Mikilvægt er að rýma svæði eins og unnt er svo sjúkraflutningamenn geti athafnað sig.
- ☐ Minniháttar slysi og hægt að sinna með skyndihjálparbúnið.
- ☐ Fyllta út slysaskráningu að slysi loknu með vinnuverndar fulltrúa.
 - a. <http://www.grindavik.is/v/11429>
- ☐ Yfirmanni upplýstur um slysið.

8.3 Náttúruvá:

Náttúruvá geta orðið án þess að rýmin komi til.

Náttúruvá geta tildæmis verið vegna jarðskjálfta sem valda eignartjóni.

Þessi ferill er þegar ekki er um alveglegt ástand svo sem rýmin heldur eigna björgun.

- **Fasteignir:**
- Þjónustumiðstöð tryggir að mannvirki í eignarsjóði séu í lagi og kalli til viðgerða sé það brýnt.
 - **Eru lykil stofnannir í forgangi 1.**
 - Lokun á hluta fasteina getur verið nauðsynleg meðan viðgerð sem unnin er í forgangi er líkur.
 - **Umsjónamaður fasteigna hefur yfirumsjón** á verkefninu og sér um að tryggingarfélag komi að málinu strax í upphafi.
 - Kallað er til verktaka sem eru í þjónustusamning ef þar er utan hefðbundins vinnutíma.
 - Sjá kafla 13 yfir iðnverktaka sem eru með gildandi þjónustusamning við Grindavíkurbæ.
- **Veitur:**
- Vatns- og fráveita er rekin af Grindavíkurbær, Þjónustumiðstöð tryggir að afhending á kölduvatni sé tryggð eftir bestu getu. Stafsmenn þjónustumiðstöðvar hafa aðgang að lagnateikningum á prenti og stafrænt. Efni til viðgerða er til að vatnsveitu lager.
 - **Er vatnsveita í forgangi 1.**
 - **Fráveita í forgangi 2.**
 - Lokun á hluta veitukerfa getur verið nauðsynleg meðan viðgerð í forgangi er unnin.
 - **Yfirmaður þjónustumiðstöðvar og veitustjóri** stýra verkefninu.
 - Kallað er til verktaka sem eru í þjónustusamning ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
 - Sjá kafla 13 yfir iðnverktaka sem eru með gildandi þjónustusamning við Grindavíkurbæ.
- **Gatnakerfi:**
- Gatnakerfi eru götu, gangstéttir og gatnalýsing t.d. Þjónustumiðstöð hefur umsjón með þessum eignum og tryggir að vegfarendur séu öryggir á ferðum sínum.
 - **Er eru stofn- og tengigötur í forgangi 1**
 - **Eru húsagötur og gangstéttir í forgangi 2**
 - Lokun á hluta gatnakerfis getur verið nauðsynleg meðan viðgerð í forgangi er unnin.
 - **Umsjónamaður opinna og grænna svæða** stýrir verkefninu.
 - Kallað er til verktaka sem eru í þjónustusamning ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
 - Sjá kafla 13 yfir iðnverktaka sem eru með gildandi þjónustusamning við Grindavíkurbæ.
- **Opinsvæði og leiksvæði:**
 - Yfirfara þarf leiksvæði áður en þau eru tekin aftur í notkun.
 - Eru opinsvæði skoðuð með skemmdir og hættur í huga.
 - **Opins- og leiksvæði eru í forgangi 3**
 - Lokun á hluta opinna svæða og leiksvæða getur verið nauðsynleg meðan viðgerð í forgangi er unnin.
 - Kallað er til verktaka sem eru í þjónustusamning ef það er utan hefðbundins vinnutíma.
 - Sjá kafla 13 yfir iðnverktaka sem eru með gildandi þjónustusamning við Grindavíkurbæ.

8.4 Rýming/Neyðarrýming:

Rýming er boðuð af 112 fyrir hönd Almannavarna Ríkisins.

Viðbragðs áætlun þessir er vegna rýmingar.

Rýming íbúa:

Bífreiða ferðapjónustu Grindavíkur eru notaðar við rýmingar á skjólstæðingum Sambýlis, Víðihlíðar og annarra viðkvæma.

Virkjast við rýmingar boð frá 112 eða bein boð frá Almannavörnum Ríkisins:

- ☐ **Leið 1**
- ☐ Leið 1 fer starx að Túngötu 15-17 og sækir þar skjólstæðinga og einn starfsmann.
 - Er móttökusvæði Túngötu við sameiginlega rými sambýlis (Eldhús).
 - Ganga þau út um útihurð nær norðri.
 - Leið 1 fer svo að Víðihlíð að ofan og sækir fólk á móttökusvæði er það salurinn uppi.
 - Bíllinn fylltur og eins er notað hjólastólarýmið fyrir þá sem nota hjólastól.
 - Leið 1 flytur á fjöldahjálpastöð utan Grindavíkur sem uppgæfin er.
- ☐ **Leið 2**
- ☐ Leið 2 fer að Víðihlíð að neðan (Miðgarð) er það móttökusvæði fyrir neðri hæðina.
 - Leið 2 fer svo upp á efrihæð ef eitthvað pláss verður eftir í bílnum eins er notað hjólastólarýmið fyrir þá sem nota hjólastól.
 - Leið 2 flytur á fjöldahjálpastöð utan Grindavíkur sem uppgæfin er.
- ☐ **Leið 3 (Varabíll)**
- ☐ Leið 3 fer að Víðihlíð að ofan og sækir fólk á móttökusvæði, er það salurinn uppi.
 - Bíllinn fylltur og eins notað hjólastólarýmið fyrir þá sem nota hjólastól.
 - Ef eitthvað pláss er eftir í bílnum farið á söfnunarstöð innanbæjar til að fylla bílinn.
 - Leið 3 flytur á fjöldahjálpastöð utan Grindavíkur sem uppgæfin er.
- ☐ **Leið 4 (Varabíll)**
- ☐ Leið 4 fer að Víðihlíð að neðan (Miðgarð) er það móttökusvæði fyrir neðri hæðina.
 - Leið 4 fer svo upp á efrihæð ef eitthvað pláss verður eftir í bílnum eins er notað hjólastólarýmið fyrir þá sem nota hjólastól.
 - Ef eitthvað pláss er eftir í bílnum farið á söfnunarstöð innanbæjar til að fylla bílinn.
 - Leið 4 flytur á fjöldahjálpastöð utan Grindavíkur sem uppgæfin er.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sem ekki eru í mannbjörgun:

- ☐ Umsjónamaður fasteina tryggir rekstur á fjöldahjólastöð innan Grindavíkur.
- ☐ Aðrir starfsmenn fylgi verkferli um Náttúruvá.
- ☐ Starfsmenn fylgja viðbragðsáætlun og fyrirmælum Almannavörnum Ríkisins og vettvangsstjórn.

9 SKIPULAG BOÐANNA

Tengiliðaskrá starfsmanna

Nafn	Starfheiti	Sími	Netfang
Sigurður Rúnar Karlsson	Yfirmaður og umsjónamaður fasteigna.	660-7302	Siggigh@grindavik.is
Bergstein Ólafsson	Umsjónamaður opinna og grænna svæða	660-7322	Beggi@grindavik.is
Benedikt Kristbjörnsson	Bílstjóri	660-7315	benni@grindavik.is
Sigurður Ágústsson	Bílstjóri	660-7313	Siggig@grindavik.is
Baldur Pálsson	Iðnaðarmaður	660-7318	baldur@grindavik.is
Gunnar Baldursson	Vélamaður	660-7319	Gunnim@grindavik.is
Jón Björn Sigurgeirsson	Starfsmaður	660-7320	gamljon56@grindavik.is
Bogi Adolfsson	Starfmaður	660-7314	Bogiadolf@grindavik.is
Bakvakt Grindavíkur	Öryggismiðstöðin	660-7343	thjonusta@grindavik.is
Slökkvilið Grindavíkur	Slökkvistöð	426-8380	slokkvilid@grindavik.is

10 MÓT/YFIRLITSMYND



12 BREYTINGA SAGA

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
Drög 0.1	5.2.2020	Frumdrög	SRK

13 VIÐAUKAR**13.1 Tengiliðalisti Verktaka**

Tengiliða listi verktaka sem eru með þjónustusamning við Grindavíkurbæ.

Jarðvinnuverktaki:

GG. Sig ehf

Gísli Sigursson S: 893-3024

Pípari:

EHV ehf

Þorsteinn Einarsson S: 864-1331

Rafvirki:

TG Raf ehf

Bakvakt Rafvirkja S: 692-3692

Götulýsing:

Bergraf ehf.

Þorsteinn Helgason S: 664-7431

Reynir Þór Ragnarsson S: 664-7430

Húsasmiður:

HH Smíð ehf.

Hlynur Helgasson S: 699-4079

Helgi Sæmundsson S: 894-3079

Nóvember 2020

RÝMINGARÁÆTLUN

Félagsmiðstöðin Þruman, Grindavík

Elínborg Ingvarsdóttir
Forstöðumaður Þrumunnar

-Verkefni viðbragðsaðila ef til bráðarýmingar kemur vegna náttúruhamfara-

Starfsmenn á vakt:

- 1. SMS berst frá 112 um bráðarýmingu.**
- 2. Ef boð berast **áður** en skóladegi lýkur er fyrsta verk að senda nemendur í sínar bekkjardeildir.**
- 3. Ef boð berast **eftir** að skóladegi lýkur er almenningur beðinn um að fara heim eða í móttökustöð, en ef börn eru í félagsmiðstöðinni skulu gerðar ráðstafanir til að þau komist í hendur foreldra, forráðamanna eða viðbragðsaðila. Ef börn eru á vegum skóla í umsjón kennara skal kennari taka ábyrgð á að farið sé að viðbragðsáætlun viðkomandi skóla.**
- 4. Starfsmenn á vakt loka gluggum, læsa útidyrum og ganga úr skugga um að félagsmiðstöðin sé tóm.**
- 5. Starfsmenn yfirgefa húsið. Forstöðumaður eða staðgengill forstöðmanns er síðastur úr húsi.**

Útgangar:

Aðalútgangur félagsmiðstöðvarinnar er notaður eftir skólatíma. Börn á skólatíma eru send í sínar bekkjardeildir og er notast við útganga/neyðarútganga Grunnskóla Grindavíkur.

Útgáfa
29.01.
2020

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN
FYRIR ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐ

Íþróttamiðstöð Grindavíkur



*Íþróttamiðstöð Grindavíkur
Austurvegi 1-3
240 Grindavík*

**Viðbragðsáætlun vegna bruna,
slysa og náttúruhamfara í
Íþróttamiðstöð Grindavíkur
Sundlaug, Íþróttahúsi og
Hópinu fjölnota húsi**

Hermann Guðmundsson
Snorri Viðar Kristinsson
Gunnlaugur Hreinsson
Þórhildur Einarsdóttir

EFNISYFIRLIT - KAFLASKIPTI

1.0 Inngangur	4
2.0 Staðhættir	5
3.0 Skilgreiningar	6
4.0 Boðun	7
5.0 Stjórnkerfi	8
6.0 Starfssvæði	9
7.0 Forvarnir	9
8.0 Verkefni viðbragðsaðila	10
9.0 Verkefni viðbragðsaðila	Error! Bookmark not defined.11
10.0 Jarðskjálfti	Error! Bookmark not defined.12
11.0	13
12.0	14
13.0	15

1.0 Inngangur

Viðbragðsáætlun fyrir Íþróttamiðstöð Grindavíkur er ætlað að skilgreina skipulag og stjórnun við áföll sem kunna að koma upp vegna hugsanlegs bruna, slysa og náttúruhamfara eða annarra atburða sem leiða til þröskunnar á daglegri starfsemi íþróttamiðstöðvarinnar. Góð þekking öryggistrúnaðarmanns og öryggisnefndar á vinnustað er forsenda góðs árangurs af starfi þeirra.

Tilgangur áætlunarinnar er að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra sem að starfseminni koma og getað svarað notendum mannvirkjanna, ef spurningar vakna um þessar hluti.

Lög um Almannavarnir

15. gr. Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns.

Brunavarnir mannvirkja.

23. gr. Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.

Áætlunin er unnin af forstöðumanni ásamt starfsmönnum hans og slökkviliðsstjóra Grindavíkurbæjar.

Ábyrgð er í höndum Hermanns Guðmundssonar forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Grindavíkur. Gert er ráð fyrir að áætlunin sé endurskoðuð í upphafi hvers skólaárs hér eftir.

Áætlunin verður kynnt fyrir íþróttakennurum, starfsfólki íþróttamiðstöðvarinnar og bæjaryfirvöldum í upphafi skólaárs hvert ár.

Grindavík 6. Feb. 2020

2.0 Staðhættir

Íþróttamiðstöð Grindavíkur, Sundlaug, Íþróttahús og Hópið fjölnota hús Austurvegur 1-3, 240 Grindavík, Sími: 426-7555, 426-8244

Íþróttahúsið við Austurveg : Íþróttahúsið er strengjasteypuhús sem skiptist í þrjá hluti, (A) íþróttasalur sem er 900m², (B) litli salur sem er c.a 200m² + salerni, geymslur og sjoppa c.a. 100m², þetta er andyri á kappleikjum og öðrum viðburðum. (C) Inngangur á æfingar og leikfimi og afgreiðsla, búningsklefar, geymslur og tæknirými sem notast einnig sem þvottahús, ræstiklefi og búningsklefar starfsfólks, þetta eru samtals c.a. 250 til 300 m²

Sundlaug við Austurveg: Sundlaugarhúsið er á tveimur hæðum, á efri hæðinni sem er c.a. 450m² er andyri, afgreiðsla, starfsmannarými, ræsting, búningsklefar og þrekmiðstöð. Á neðri hæð sem er c.a. 270m² er þreksalur fyrir sunddeildina, ljósabekkur og tækjarými, utandyra er uppsteypt klórgeymsla.

Hópið fjölnota íþróttahús stendur við Austurveg: Húsið er stálgrindarhús einn salur 2.400m² með gervigrasi, Þá er smá tæknirými. Í húsinu ein stór vöruhúð og fjórar aðrar útgönguhurðir. Loftræstikerfið er fyrir ofan vöruhúðina í stálbúri, fyrir utan inngöngudyrnar stendur stakur WC gámur sem tengdur er vatni, rafmagni og skolplögnum.

Íþróttamiðstöð Grindavíkur (nýtt hús): Húsið er á einni hæð uppsteypt með M einingum ytri skel sem eru forsteyptar, húsið er með pappapaki. 1.727 m² og 6.280 m³, 13 útgönguhurðir. Húsið tengis við bæði sundlaugarhúsið (sem verður líkamsræktaraðstaða) og íþróttahúsið. Húsið skiptist í forrými með afgreiðslu, starfsmannaaðstöðu, búningsklefa og félagsaðstaða með eldhúsi og 2 söllum og 4 skrifstofum.

3.0 Skilgreiningar

Brunabjalla fer í gang eða forviðvörðun brunaviðvörðunarkerfis

Segir til um viðbrögð starfsmanna og nemenda fari brunabjalla íþróttamiðstöðvar í gang.

Slys

Segir til um viðbrögð starfsmanna og nemenda verði slys í íþróttahúsi eða sundlaug.

Óveður

Segir til um viðbrögð starfsmanna og nemenda komi til röskunnar á starfsemi vegna óveðurs eða ófærðar.

Jarðskjálfti

Segir til um viðbrögð starfsmanna og nemenda Íþróttahúss og Sundlaugar verði jarðskjálfti í Grindavík.

Eldgos

Segir til um viðbrögð starfsmanna og nemenda Íþróttahúss og Sundlaugar verði eldgos í Grindavík

4.0 Boðun

Hver boðar, hverja, hvenær?

Mikilvægt er að koma fólki, sem er í bráðri hættu, út

Tilkynntu neyðarlínu um eldinn í síma **112**, talaðu hægt og skýrt, gefðu greinagóðar upplýsingar og segðu nákvæmlega hvar eldurinn hafi komið upp

Lokaðu gluggum og hurðum í herberginu þar sem eldurinn er (súrefnisskortur kæfir eldinn)

Reyndu að slökkva eldinn með hand- slökkvitækjum eða með eldvarnateppi.
ATH. notið ekki handslökkvitæki nema um minniháttar eld sé að ræða

Mikilvægt er að vera róleg(ur) - róaðu aðra

Það er stranglega bannað að setja stóla eða lausamuni framan við eldvarnahurðir eða í flóttaleiðir

5.0 Stjórnkerfi

Stjórnun íþróttamiðstöðvarinnar:

Forstöðumaður íþróttamannvirkja ber ábyrgð á daglegu starfi hans gagnvart frístunda og menningarsviði og bæjarstjórn.

Starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar :

Við íþróttamiðstöðina eru 14 starfsmenn í 12 stöðugildum auk forstöðumanns í 100% starfi

Vinnuverndarfulltrúar:

Einn starfsmaður hefur verið kjörinn vinnuverndarfulltrúi . Vinnuverndarfulltrúi hefur yfirumsjón með endurskoðun og uppfærslu á viðbragðsáætlun í upphafi hvers skólaárs ásamt varamanni.

Ábyrgð er í höndum forstöðumanns.

Snorri Viðar Kristinsson er vinnuverndarfulltrúi

Upplýsingaflæði:

Upplýsingar til starfsfólks eru á upplýsingatöflu á kaffistofum í íþróttahúsi og sundlaug. Þær eru einnig sendar í tölvupósti.

6.0 Starfssvæði

Svæði sem skipta máli í íþróttamiðstöðinni og hafa hlutverk s.s. mótstaðir, söfnunarsvæði, bjargir, lokanir.

Mótstaðir:

Íþróttavöllur, stúka

Við Íþróttahús, Sundlaug eru mótstaðir á íþróttasvæði (stúku) þar eiga allir iðkendur og starfsmenn að koma sér fyrir í ákveðna röð samkvæmt yfirlitskorti af mótsvæðum.

Söfnunarsvæði:

Íþróttamiðstöð.

Komi til þess að nemendur og starfsfólk verður að leita húsaskjólis vegna veðurs eða annarra áðstæðna skal koma fólki fyrir á eftirtöldum stöðum.

1. Íþróttamiðstöðinni
2. Gjánni við Austurveg.
3. Hópinu

7.0 Forvarnir

Brunaæfingar

Haldin skal brunaæfing bæði í Sundlaug og Íþróttahúsi fyrir lok október ár hvert. Reynt verður að haga æfingum miðað við veður. Settar verða nánari vinnureglur um rýmingaæfingar fyrir bæði húsin. Vinnuverndarfulltrúar eru ábyrgir fyrir slíkum æfingum ásamt forstöðumanni.

Skyndihjálp

Haldin eru skyndihjálparnámskeið einu sinni á ári á vormánuðum (apríl, maí) og uppryfjun og björgunaræfing á haustin (okt).

Notkun slökkvitækja

- ☐ Handleika skal búnaðinn reglulega og rifja upp notkunarsvið hans.
- ☐ Kallið á aðstoð og látið hringja í slökkviliðið.
- ☐ Sækið að eldinum undan vindi eða dragsúg.
- ☐ Haldið ykkur undir reyklaginu.
- ☐ Leitist við að sprauta slökkviefninu á rætur eldsins
- ☐ Byrjið við jaðarinn og dreifið efninu með jöfnum hliðarhreyfingum.
- ☐ Ekki er alltaf nauðsynlegt að klára úr tækinu, gott getur verið að eiga eitthvað eftir ef eldur blossar upp að nýju
- ☐ Ef eldur hefur náð að þróast og er orðin óviðráðanlegur, munið þá næsta skref sem er að hindra útbreiðslu. LOKIÐ HURÐUM.
- ☐ Ef brunabjöllur fara í gang skulu allir aðrir en þeir sem sjá um slökkvistarfið yfirgefa bygginguna og safnast saman á fyrirfram ákveðnum stað, þar sem hægt verður að kanna hvort nokkurn vantar.
- ☐ Auðveldið aðkomu slökkviliðs og veitið þeim upplýsingar um það sem þið teljið að skipti máli (einn aðili í einu).

Notkun brunaslöngu

- ☐ Handleika skal búnaðinn reglulega og rifja upp notkunarsvið hans.
- ☐ Kallið á aðstoð og látið hringja í slökkviliðið.
- ☐ Opna krana sem er tengdur við slöngukeflið í skápnum.
- ☐ Dragið slönguna út og hafið góðan slaka á henni.
- ☐ Sækið að eldinum undan vindi eða dragsúg.
- ☐ Haldið ykkur undir reyklaginu
- ☐ Leitist við að sprauta slökkviefninu á rætur eldsins
- ☐ Byrjið við jaðarinn og dreifið efninu með jöfnum hliðarhreyfingum.
- ☐ Ef eldur hefur náð að þróast og er orðin óviðráðanlegur, munið þá næsta skref sem er að hindra útbreiðslu.
- ☐ Ef brunabjöllur fara í gang skulu allir aðrir en þeir sem sjá um slökkvistarfið yfirgefa bygginguna og safnast saman á fyrirfram ákveðnum stað, þar sem hægt verður að kanna hvort nokkurn vantar.
- ☐ Auðveldið aðkomu slökkviliðs og veitið þeim upplýsingar um það sem þið teljið að skipti máli (einn aðili í einu).

8.0 Verkefni viðbragðsaðila.

Fyrstu verkefni allra skilgreind á öllum stigum.

Hver viðbragðseining á sér blaði:

- Forstöðumaður
- Vaktmaður í afgreiðslu
- Vaktmaður í turni
- Aðrir starfsmenn
- Áfallaráð

Jarðskjálfti

Allir starfsmenn kynni sér upplýsingar á heimasíðu almannavarna, almannavarnir.is

Fyrir jarðskjálfta

Jarðskjálftar gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð.

- ☐ Festið skápa, hillur og þunga muni í gólf eða vegg. Hafið hjól sem eru á húsögnum alltaf í læstri stöðu. Ef engin læsing er á hjólinum, setjið þá ramma utan um hjólin til að koma í veg fyrir að húsgagnið fari af stað í jarðskjálfta. Munið hinsvegar að rammi eða læsing á hjólum kemur ekki í veg fyrir að húsgagnið velti.
- ☐ Látið þunga muni ekki vera ofarlega í hillum eða á veggjum. Hægt er að setja kennaratyggjó á léttari muni svo þeir færast ekki úr stað.
- ☐ Festið kynditæki og ofna. Kynnið ykkur staðsetningu vatnsinntaks og rafmagnstöflu (Sjá kafla 2.0)
- ☐ Festið myndir og ljósakrónur í lokaðar lykkjur og setjið öryggislæsingar (barnalæsingar) á skápahurðir til varnar að innihald skápa falli út úr þeim.
- ☐ Fyrirbyggjið að hlutir geti fallið á svefnstaði.
- ☐ Gangið vel frá niðurhengdum loftum og upphækkuðum gólfum.
- ☐ Byrgið glugga eða setjið öryggisfilmu á rúður til að koma í veg fyrir skæðadrífu glerbrota ef rúða brotnar.
- ☐ Látið rúm ekki standa undir gluggum ef hætta er á jarðskjálftum.
- ☐ **Leggið viðbrögð við jarðskjálfta á minnið og æfið þau reglulega.**

Eftir jarðskjálfta

- ☐ Vatnsleki, loka fyrir vatnsinntak ef leki er óviðráðanlegur
- ☐ Rafmagn, loka fyrir höfuðrofa í rafmagnstöflu ef húsið er skemmt.
- ☐ Athuga hvort eldur er laus og nota ekki opið ljós eða eld ef hætta er á að eldfim efni hafi hellst niður.
- ☐ Sé það mat þitt að húsið sé mikið skemmt eftir skjálfta, skal fara rólega út (mörg slys verða þegar fólk hleypur út í óðagoti úr húsum eftir jarðskjálfta). Farið á fyrirfram ákveðin söfnunarstað utanhúss áður en næsta skref er tekið.
- ☐ Sé íþróttamiðstöðin yfirgefin, skal klæðast vel
- ☐ Opnið fyrir útvarpstæki og fylgist með tilkynningum eða leiðbeiningum frá almannavörnum.
- ☐ Aldrei snerta fallnar raflínur.
- ☐ Munið að ef margir hafa slasast þá verður bið á að öllum berist hjálp
- ☐ MUNIÐ: Á neyðartímum er síminn öryggistæki og skal einungis notaður í neyð. Hafið símtöl eins stutt og hægt er!

Eldgos

Eldgos gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og leitast við að fara eftir eftirfarandi aðgerðum:

- ☐ Fyrstu viðbrögð eru að fá upplýsingar um hvað er að gerast og er nauðsynlegt að byrja á því að hlusta á upplýsingar í fjölmiðlum.
- ☐ Vera meðvitaður um staðsetningu fjöldahjálparstöðvar í Grindavík sem eru í Grunnskólanum við Ásabraut og í Hópsskóla.
- ☐ Leitast skal við að allir haldi ró sinni og bíði frekari fyrirmæla í skólanum.
- ☐ Æðsti stjórnandi í aðgerðum við náttúruvá er Lögreglustjórinn á Suðurnesjum og Almannavarnir í Grindavík.
- ☐ Ekki eru til nákvæmar viðbragðsáætlanir um viðbrögð við eldgosum á Reykjanesskaga en þær eru í vinnslu á landsvísi hjá Almannavörnum ríkisins og er á áætlun næstu þrjú ár. Þegar þeirri vinnu lýkur verður unnin nákvæm áætlun við viðbrögðum fyrir Grindavík.

Forstöðumaður / starfsfólk**Brunabjalla fer í gang**

- ☐ Við boð frá forviðvörun brunaviðvörunarkerfis fer forstöðumaður (starfsmaður) að stjórnstöð eða útstöð kerfisins og fær upplýsingar á skjá um númer skynjarans sem er að gefa upp breytingu á loftslagi í viðkomandi rými. Hann stöðvar boðin og fer strax á staðinn eða sendir annan starfsmann á viðkomandi stað til að kanna hvers eðlis ástandið er. Ef um eld er að ræða skal næsti brunaboði ræstur sem setur brunabjöllur í gang og eru það boð um tafalausa rýmingu. viðkomandi metur aðstæður og hefur slökkvistarf en gætir alltaf að eigin öryggi. Ef engin hættu er á ferðum er stjórnstöð endurræst og starfsfólk látið vita um stöðuna.
- ☐ Sér um að allir haldi ró sinni.
- ☐ Ef það þarf að fara í gegnum reyk þá skal skríða eða halda sér undir reyklaginu.
- ☐ Ef um jarðhæð er að ræða þá skal athuga með útgöngu um glugga.
- ☐ Kemur upplýsingum strax til stjórnanda slökkviliðs um það að einhvers sé saknað þega það kemur á vettvang. Þetta er mjög mikilvægt til að upplýsa slökkvilið um hvort að um lífbjörgun er að ræða.
- ☐ Bíður á fyrirfram ákveðnum stað samkvæmt korti og safnar upplýsingum um stöðuna til að gefa starfsfólki nánari fyrirmæli.

Slys

- ☐ Sá sem fyrstur kemur að slysi, sér um þann slasaða og kallar eftir aðstoð (notar farsíma).
- ☐ Gefur upp staðsetningu miðað við (lituð) svæði sé þess þörf. Sá sem kallar á aðstoð lætur vita hvar hann er. Þannig geta starfsmenn strax áttað sig á hvar atburðurinn á sér stað. Láta vita ef skyndihjálparbúnað vantar.
- ☐ Láta ritara vita ef þörf er á lækni með sjúkrabílnum, þannig að ritari geti beðið um lækni.
- ☐ Ritari hringir í 112 og kallar á aðstoð innanhúss, Hjúkrunarfræðing / Skólastjóra / Húsvörð.
- ☐ Mikilvægt er að svæðið sé rýmt sem fyrst svo sjúkraflutningamenn geti athafnað sig
- ☐ Umsjónarkennarar fara út og safna sínum börnum saman og fara með þau inn í sína stofu, láta þau vita hvað gerðist.

Óveður

- ☐ Starfsfólk íþróttamiðstöðvarinnar ásamt íþróttakennurum ráðfæra sig við skólann um það hvað eigi að gera þegar óveður og ófærð gera það valdandi að börn eigi erfitt með að komast til og frá íþróttamiðstöðinni. Það er á valdi skólastjóra eða staðgengils hans að taka ákvörðun hverju sinn ef til einhverja óvæntra aðgerða þarf að grípa vegna óveðurs eða ófærðar. Forstöðumaður getur þurft að grípa til þess að loka sundlauginni vegna aðstæðna sem upp geta komið, eins og tld. þegar hitastig laugar dettur niður vegna mikisls vinds og kulda, mikils utanaðkomandi óhreininda (mold, sandur og lauf). Forstöðumaður mun þá tilkynna skólanum þá ákvörðun og einnig koma þeim upplýsingum á heimasíðu Grindavíkurbæjar
- ☐ Þegar veður er ótryggt er það ávallt mat foreldra sjálfra hvort þeir sendi börn sín í skólann eða ekki. Börn búa við ólíkar aðstæður hvað varðar fjarlægð og möguleika á akstri til skóla. Ákveði foreldrar að halda börnum sínum heima vegna veðurs þarf að tilkynna það til skólans. Sé hins vegar veður þannig að skólastjórnendur telji ekki verjandi að halda uppi skólastarfi mun skólinn reyna að koma tilkynningu þar um til ríkisfjölmiðlanna í tæka tíð. Versni veður meðan á skólatíma nemenda stendur mun skólinn reyna að ábyrgjast örugga heimferð þeirra og er það í hlutverki viðkomandi kennara að sjá til þess að nemendur fari ekki út skólanum nema heimferð hafi verið tryggð.

Jarðskjálfti

- ☐ Fara út í horn burðarveggja, **KRJÚPA** þar **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.
- ☐ Fara í opnar dyr, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér í karm
- ☐ fara undir borð, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** og **HALDA** í borðfót
- ☐ Forðist húsgögn sem geta farið á hreyfingu og/eða fallið.
- ☐ Varist hluti sem geta fallið úr hillum og skápum (sérstaklega í eldhúsi).
- ☐ Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem geta hrokkið af festingum sínum.
- ☐ Haldið ykkur fjarri stórum rúðum sem geta brotnað.
- ☐ Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldi ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á fallandi byggingahlutum.
- ☐ **Klæðist skóm**, ef brak og/eða glerbrot eru á gólfum áður en húsið er rýmt.
- ☐ **Slys – Meiðsli**, Athuga hvort nokkur hafi slasast og sé svo, skal tilkynna það Neyðarlínunni í síma **112**, og veita síðan fyrstu hjálp.

Eldgos

Eldgos gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og leitast við að fara eftir eftirfarandi aðgerðum.

- ☐ Fyrstu viðbrögð eru að fá upplýsingar um hvað er að gerast og er nauðsinlegt að byrja á því að hlusta á upplýsingar í fjölmiðlum.
- ☐ Vera meðvitaður um að staðsetning fjöldahjálparstöðvar er íþróttamiðstöðin
- ☐ Leitast skal við að allir haldi ró sinni og bíði frekari fyrirmæla í skólanum.
- ☐ Æðsti stjórnandi í aðgerðum við náttúru vá er Lögreglustjórinn á suðurnesjum og Almannaþingurinn í Grindavík.
- ☐ Ekki eru til nákvæmar viðbragðsáætlanir um viðbrögð við eldgosum á Reykjanesskaga en þær eru í vinnslu á landsvísi hjá Almannaþingi Ríkisins og er á átlun næstu þrjú á og þegar þeirri vinnu verður unni nákvæm áætlun við viðbrögðum fyrir Grindavík.

Kennari /þjálfari

Brunabjalla fer í gang

- ☐ Kennari sér um að allir haldi ró sinni.
- ☐ Kennari athugar hvers eðlis brunaboðið er, tilkynnir nemendum og gerir viðeigandi ráðstafanir.
- ☐ Ef rýma þarf bygginguna, tekur kennari bekkjakladda og skipar nemendum í röð í stofunni.
- ☐ Kennari sér um að allir gangi skipulega í röð út úr byggingunni og á biðsvæði bjarga.
- ☐ Ef það þarf að fara í gegnum reyk þá skal skriða eða halda sé undir reyklaginu.
- ☐ Ef eldur lokar útgönguleiðum þá skal kennari láta nemendur bíða í stofunni og gæta þess vel að loka hurðum og gluggum (sjá nánar í viðauka) og gera vart við sig út um glugga eða símleiðis.
- ☐ Ef um jarðhæð er að ræða þá skal athuga með útgöngu um glugga.
- ☐ Þegar komið er út úr íþróttamiðstöðunni og á biðsvæði bjarga, tekur kennari manntal og tilkynnir yfirstjórn ef einhver vantar, þá hverja og hvar síðast hafi orðið vart við þá.
- ☐ Kennari bíður á fyrirfram ákveðnum stað samkvæmt korti (litasvæði) þangað til nánari fyrirmæli koma frá yfirstjórn.
- ☐ Börn með sérþarfir. Öll börn eru á ábyrgð þess aðila sem er með þau ef vá kemur upp. Viðkomandi aðili (sérkennari, kennari, stuðningsfulltrúi, skólaliði) sér um að koma barninu/börnunum á söfnunarstað viðkomandi bekkjar.

Slys

- ☐ Sá sem fyrstur kemur að slysi reynir að gera sér eins nákvæma grein fyrir því eins og unnt er hversu alvarlegt slysið er. Hafa samband við neyðarlínu ef þess er þörf. **Símanr.: 112**
- ☐ Koma með neyðarbúnað á slysstað. Halda áhorfendum (börnum) frá slysstað og reyna að skapa ró í kringum hinn slasaða.
- ☐ Taka á móti sjúkraflutningsliði, opna dyr og greiða þeim aðgang.
- ☐ Koma boðum til aðstandenda í samvinnu við kennara, þjálfara, leiðbeinenda.
- ☐ Hafa samband við vinnueftirlit þegar það á við. / Ganga frá slysaskýrslu.
- ☐ Hafa samband við lögreglu.

Óveður

- ☐ Það er á valdi skólastjóra eða staðgengils hans að taka ákvörðun hverju sinn ef til einhverja óvæntra aðgerða þarf að grípa vegna óveðurs eða ófærðar.
- ☐ Þegar veður er ótryggt er það ávallt mat foreldra sjálfra hvort þeir sendi börn sín í skólann eða ekki. Börn búa við ólíkar aðstæður hvað varðar fjarlægð og möguleika á akstri til skóla. Ákveði foreldrar að halda börnum sínum heima vegna veðurs þarf að tilkynna það til skólans. Sé hins vegar veður þannig að skólastjórnendur telji ekki verjandi að halda uppi skólastarfi mun skólinn reyna að koma tilkynningu þar um til ríkisfjölmíðlanna í tæka tíð. Versni veður meðan á skólatíma nemenda stendur mun skólinn reyna að ábyrgjast örugga heimferð þeirra og er það í hlutverki viðkomandi kennara að sjá til þess að nemendur fari ekki út úr skólanum nema heimferð hafi verið tryggð.

Jarðskjálfti

- ☐ Fara út í horn burðarveggja, **KRJÚPA** þar **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér ef unnt er.
- ☐ Fara í opnar dyr, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** höfði og **HALDA** sér í karm
- ☐ fara undir borð, **KRJÚPA** þar, **SKÝLA** og **HALDA** í borðfót
- ☐ Forðist húsgögn sem geta farið á hreyfingu og/eða fallið.
- ☐ Varist hluti sem geta fallið úr hillum og skápum (sérstaklega í eldhúsi).
- ☐ Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum sem geta hrokkið af festingum sínum.
- ☐ Haldið ykkur fjarri stórum rúðum sem geta brotnað.
- ☐ Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingunni brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á fallandi byggingahlutum.
- ☐ **Klæðist skóm**, ef brak og/eða glerbrot eru á gólfum áður en húsið er rýmt.
- ☐ Kennari bíður á fyrirfram ákveðnum stað samkvæmt korti í viðkomandi stofu þangað til að það koma nánari fyrirmæli koma frá yfirstjórn.
- ☐ **Slys – Meiðsli**, Athuga hvort nokkur hafi slasast og sé svo, skal tilkynna það Neyðarlínunni í síma **112**, og veita síðan fyrstu hjálp.

Áfallaráð**Í áfallaráði íþróttamiðstöðvar Grindavíkur eru:**

- Forstöðumaður
- Rúnar Helgason
- Sóknarprestur

Aðilar sem áfallaráð getur leitað til:

- Skólasálfræðingur
- Félagsráðgjafi Grindavíkurbæjar
- Prestar
- Lögregla
- Hjúkrunarfræðingar og lækna Heilsugæslustöðvar Grindavíkur
- Áfallteymi HSS
- Grindavíkurbær
- Rauði Kross Íslands – Grindavíkurdeild
- Aðrir

Nöfn og símanúmer:

- Jóhann Árni Ólafsson GSM 837-7326, netfang joi@grindavik.is
- Rúnar Helgason GSM , netfang: runarhe@simnet.is
- Elínborg Gísladóttir, hs. 426-8024, GSM 696-3684, vs. 426-8675, netfang gkirkja@isl.is, srelinborg@simnet.is

Hlutverk áfallaráðs:

- Að hlúa að starfsfólki íþróttamiðstöðvarinnar m.a. með því að gefa gaum að áfallastreitu og bjóða upp á hópavinnu eða einstaklingsviðtöl ef þörf er á.
- Að vera reiðubúið til að starfa allt árið, jafnt sumar sem vetur.
- Að bjóða starfsfólki íþróttamiðstöðvarinnar reglulega (á tveggja til þriggja ára fresti) upp á námskeið í sálrænni skyndihjálp.

Rýmingaræfingar fyrir stofnanir Grindavíkurbæjar:

Æfing með slökkviliði



Æfing starfsfólks



	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Grunnskóli Ásabraut.													
Hópsskóli													
Sundlaug Grindavíkur													
Íþróttahús Austurvegi.													
Hópið Austurvegi.													
Víkurbraut 62.													
Kvennó Víkurbraut													
Leikskólin Laut													
Leikskólin Krókur													
Tjaldsvæði Austurvegi													
Öldrunarþjónusta Víðihlíð													
Hjúkrunardeil HSS Víðihlíð													
Grindavíkurhöfn													
Slökkvistöð Hafnargötu													
Saltfisksetur Hafnargötu													
Þjónustumiðstöð Hafnargötu													

Rýmingaráætlun Íþróttamiðstöðvar Grindavíkur

1.	Komi til eldgos eða annarar náttúru vágar á meðan börn eru í húsinu við íþróttæfingar. Og Lögreglan ákveður að bærinn skuli rýmdur.	Þá munum við halda öllum börnum í húsinu þar til foreldrar eða forráðamenn munu ná í börnin. Á skólatíma munu íþróttakennararnir halda börnunum á afmörkuðum svæðum og láta börnin ekki fara nema að viðkomandi aðili sé á lista yfir þá sem mega ná í börnin. Ef þetta mundi gerast á öðrum tíma þegar íþróttæfingar UMFG væru þá væri það á ábyrgð þjálfara að halda börnunum inni þar til þau yrðu sótt.
2.	Íþróttahúsið Vaktmaður í afgreiðslu	Mun vera safnstaður fyrir bæjarbúa sem bíða eftir flutningi í annað bæjarfélag.
3.	Líkamsræktin Vaktmaður í vaktherbergi sundlaugar	Einn starfsmaður fer og sér til þess að allir fari út og læsir húsinu.
4.	Sundlaugin Vaktmaður í vaktherbergi sundlaugar	Allir kallaðir upp úr lauginni og gengið úr skugga að allir fari upp úr og líka athugað með Sauna klefann og hann læstur og slökkt á honum.
5.	Íþróttahúsið Starfsmenn í klefum	Halda öllum inn í nýja salnum. Ganga úr skugga um að enginn sé annar staðar í húsinu. Kennarar og þjálfarar munu fylgjast með að börnin sem eru í þeirra umsjá fari til sinna foreldra.
6.	Hópið Vallarstjóri	Halda börnunum inni þar til foreldrar eða forráðamenn komi og sæki þau.
7.		
8.		

9.		
10.		
11.		
12.		

Mynd

af

stjórnstöð

**Verklag við brunaviðvörðunarkerfi:**

1. Stöðvið bjöllu (vælu). **STÖÐVA VÆLU**
2. Upplýsingar um hvaðan boðin koma eru borin saman við yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu.
3. Farið á staðinn eða séð til þess að það verði gert og ef um forviðvörðun er að ræða og ekkert amar að, þá er kerfið endursett.
4. **Endursetning á kerfinu:** Ýtt er á takka merktur endurstilling og stimplað inn **111** og ýtt á **V** og þá er endursetningu lokið.



*Íþróttamiðstöð Grindavíkur
Austurvegi 1-3
240 Grindavík*

Rýmingaráætlun ef Almannavarnir gefa út viðvörun um hættuástand.

Upplýsingar eru á : <https://www.facebook.com/almannavarnir/> og www.almannavarnir.is

Ef ákvörðun um rýmingu verður tekin þá verða foreldrar að sækja börnin í íþróttamiðstöðina.

Við munum halda öllum börnunum í húsinu (**nýja íþróttasalnum**) þar til foreldrar eða forráðamenn koma og ná í þau.

Á skólatíma mun hver kennari halda sínum hóp og stjórna því samkvæmt nafnalista sem þeir eru með hverjir mega koma og ná í börnin.

Hlutverk starfsfólks:

Starfsmaður í afgreiðslu stjórnar aðgerðum í gegn um talstöð.

Vaktmaður í sundlaug sér um að koma öllum upp úr lauginni, pottum og Sauna klefanum, einnig öllum út úr Ræktinni, sklökkva á öllu og læsa húsinu.

Aðrir starfsmenn sjá um að allir klæði sig og komist undir hendur kennara síns.

Ef ákvörðunin er tekin á öðrum tíma þá gerum við alveg eins en þjálfarar barnanna munu sjá um þaug og halda þeim inni þar til foreldrar eða forráðamenn sækja þaug.

Ef allt fer á versta veg (bærinn verður rafmagns og heita og kaldavatnslaus) þá mun íþróttamiðstöðin vera hóp hjálparmiðstöð þar sem við erum með rafstöð sem mun sjá um lýsingu og hita á mannvirkinu . Þar safnast fólk saman og svo verður því komið í skjól hjá öðru bæjarfélagi.